Listmálarinn Erró:

Ljúfur vinnuþjarkur

Ferró hét íslenski listmálarinn Guðmundur Guðmundsson þegar hann og verk hans urðu fyrst á vegi mínum. Það listamannsnafn þótti mér aldrei hæfa honum. Ferró vekur hugartengsli við járn eða jafnvel úlf. En í Guðmundi fyrirfinnst hvorki harka né grimmd. Hann hefur frá upphafi verið einstaklega ljúfur maður. Og er það enn, þrátt fyrir heimsfrægðina. Hún hefur engu breytt þar um. Svo kom í ljós að einhver erlendur listamaður, sem enginn þekkir lengur, var búinn að taka sér nafnið Ferró og vildi ekki sætta sig við samnefni við þennan unga myndlistarmann norðan af Íslandi og hann kippti F-inu framan af nafninu. Nú dettur engum í hug að jafna Erró saman við nokkurn annan listamann. Undir þessu nafni hefur hann skipað sér sess í listasögu 20. aldarinnar með sínu persónulega myndmáli. Nafn hans vel þekkt í heimi lista, keppst um að kaupa verk hans og skrifaðar um hann og list hans merkar bækur.

SVIPMYND

eftir Elínu Pálmadóttur

Erró fæddist í Ólafsvík árið 1932. Á öðru ári kom hann með móður sinni, Soffíu Kristinsdóttur frá Miðengi í Grímsnesi, til sumardvalar austur á Kirkjubæjarklaustri á Síðu. Þar var drengurinn vatni ausinn og skírður Guðmundur af sóknarprestinum séra Óskari J. Þorlákssyni. Hann sóttist eftir að fá að fara í gönguferðir með ungu prestshjónunum og þegar þau sögðu einhvern tíma í stríðni að þau langaði til að eiga svona strák, svaraði snáðinn: Þið megið eiga svolítið í mér! Viðmót sem gæti átt við alla ævi listamannsins Errós. Hann er alltaf að gefa öllum og öllu svolítið af sjálfum sér. Kirkjubæjarklaustur varð æskuheimili hans, því móðir hans giftist þar Siggeiri Lárussyni, sem varð stjúpfaðir hans. Eftir að hann kom í skóla í Reykjavík, fór hann í teiknitíma á kvöldin, svo snemma beygðist krókurinn. Hann átti ekki langt að sækja listræna hæfileika, sonur myndlistarmannsins Gumundar Einarssonar frá Miðdal. Leiðin lá svo í hefðbundið myndlistanám í Handíða- og myndlistaskólanum í Reykjavík og í Listaháskólann í Osló. Hann var ekkert að stytta sér leið, gaf sér tíma til að læra módelteikningar og ná fullkomnu valdi á handbragðinu, áður en hann hélt áfram. Eftir þriggja ára nám í Noregi hélt Erró til listaborgarinnar Flórens á Ítalíu, þar sem hann tók að vinna sjálfstætt að listsköpun sinni. Tveimur árum eyddi hann í Ravenna við að læra og vinna að mósaikgerð og eru til margar mosaikmyndir eftir hann frá þeim árum. Með nokkurra mánaða viðkomu í Ísrael hélt hann svo til Parísar 1958, þar sem síðan hefur verið starfsvettvangur hans í þrjátíu ár.

Á sjötta áratugnum var mikil gerjun og umbylting í listum í París með nýjum hugmyndum um eðli listsköpunar. Erró hellti sér út í þetta nýja myndmál og skapaði sér brátt sérstöðu innan popplistarinnar. Í stíl við tækni síns tíma greip hann á sérkennum samfélagsins með ofgnótt sinni og bruðli. Með forvitni og dálítilli furðu horfði maður stórum augum á vinnubrögðin. Þetta var svo stórt og svo mikið af öllu. Eitt sinn lýsti hann því við mig í viðtali hvernig hann heygði sér efnivið í öskutunnum og hjá pappírssöfnurum, ef ég man rétt. Ætli það hafi ekki verið þá, eða kannski fyrr, að Íslendingarnir í París sögðu á kaffihúsunum að Erró, sem væri orðinn frægur, vildi ekkert umgangast landa sína. Hann sæist aldrei. En Erró var ekki að forðast landa sína, hann hafði einfaldlega ekki tíma til að umgangast Íslendinga í París. Hann var of vinnusamur. Hann lokaði sig inni í vinnustofu sinni í Rue Buci í Latínuhverfinu allan liðlangan daginn og gat ekkert verið að ansa þótt einhverjum dytti í hug að koma í heimsókn. Kom ekki út fyrr en á kvöldin, til að setjast á matsölustað með vinum. Maðurinn er einfaldlega með fádæmum vinnusamur og ótrúlega afkastamikill, enda segir hann að 90 % af málverkinu sé hrein vinna. Hvernig hefði hann annars átt að koma í verk öllu því sem eftir hann liggur? Þannig vinnur hann enn daglega í 10-12 tíma í vinnustofu sinni í Rue Fondary í Suðurborginni. Eini munurinn að nú býr hann ekki lengur líka í vinnustofunni. *Eða eins og hann sagði við mig* fyrir tveimur árum: „Hér er ég aleinn við vinnu mína allan daginn, en reyni að hætta vinnu milli kl. 7 og 8 á kvöldin. Þá hefi ég þörf fyrir að komast innan um fólk. Ég vakna um 7 leytið á morgnana og þegar ég lýk vinnu hér í vinnustofunni hefi ég venjulega 1-2 tíma til að sjá um bókhaldið mitt og annað sem tilheyrir daglegu umstangi. Um 10 leytið þykir mér gaman að hitta vini mína úti á góðu veitingahúsi, borða með þeim og spjalla við þá. Það er alveg ótrúlegt hve gott það gerir mér að koma svona út á kvöldin, hafa vistaskipti og fá ferskt loft að loknum vinnudegi."

Þegar Gunnar Kvaran listfræðingur var að skrifa MA-ritgerð sína um tíma og rými í verkum Errós við háskólann í Aix-en-Provence árið 1980 og var að heygja sér efni hjá listamanninum sjálfum í París, tók Erró þennan unga námsmann gjarnan með sér út að borða á kvöldin eða hringdi og kvaðst koma með gest, þegar honum hafði verið boðið í matarboð. Kveðst Gunnar aldrei hafa séð svo margt frægt fólk. Þarna voru allir þeir sem eitthvert nafn höfðu í listum og námsmaðurinn sat og horfði á þá stórum augum og gleypti í sig umræðurnar við borðið. Gunnar segir að Erró hafi tekið sér ákaflega ljúflega, leyft honum að sitja yfir sér í vinnustofunni og sparaði þá hvorki tíma né ljúft viðmót.

Síðast hitti ég Erró í París að haustlagi. Hann átti aðeins eftir að opna eina málverkasýningu í Rue de Seine með fjölda smámynda, halda hefðbundið árlegt boð fyrir velunnara sína og stuðningsmenn til margra ára og svo ætlaði hann að drífa sig til Thailands á eftir konu sinni Vilai, og dvelja þar í nokkrar vikur um jólaleytið eins og hann er vanur. Erró hefur vinnustofur í Bangkok, París og Formentera á Majorka og deilir þar vinnutíma sínum eftir árstíðum. Í París á hann uppkomna dóttur af fyrra hjónabandi, en í Bangkok tvær 17 og 18 ára gamlar stjúpdætur, dóttur Milai og föðurlausa bróðurdóttur hennar. Þar get ég ímyndað mér að Erró falli vel inn í tilgerðarlaust líf hinna eðliskurteisu og ljúfu Thailendinga, þar sem sjálfsagt þykir að sá sem á gefi fjölskyldu og vinum af örlæti sínu og af sjálfum sér.



Erró sýnir nokkrum vinum sínum myndir úr gjöf hans til Reykjavíkurborgar. Morgunblaðið/Rax.

Fimm skip fá leyfi til spærlingsveiða

HÁBERG GK hefur verið á spærlingsveiðum við Vestmannaeyjar að undanförnu og fengið mest tvö 20 tonn höla á dag, að sögn Jóhanns Péturs Andersen, framkvæmdastjóra Fiskimjöls og lýsis hf. í Grindavík en þar er afli skipsins bræddur. Háberg GK, Sunnuberg GK, Sighvatur Bjarnason VE, Huginn VE og Erling KE fengu leyfi til að stunda þessar veiðar til 15. október nk., að sögn veiðieftirlitsins. Háberg GK var 3-4 vikur á spærlingsveiðum í vor og fékk þá nokkur hundruð tonna afla.

Spærlingurinn er veiddur í troll. Hann er þorskfiskur, mjög líkur kolmunna og Háberg GK hefur fengið mikið af kolmunna með spærlingsaflanum í haust.

Íslensk skip veiddu 3.647 tonn af spærlingi í fyrra. Þar af voru 3.458 tonn brædd í Vestmannaeyjum og 188 tonn á Höfn í Hornafirði.

Hér heldur spærlingurinn sig aðallega við Suðurland. Hann hefur hins vegar lítið verið rannsakaður á undanförnum árum og ekki er vitað hversu stór stofninn er, að sögn Viðars Helgasonar hjá Hafrannsóknastofnun. Danir og Norðmenn hófu spærlingsveiðar í Norðursjó og Skagerak í stórum stíl til bræðslu árið 1961 og veidd voru 288 þúsund tonn í Norður-Atlantshafi árið 1986. Spærlingsveiðar hófust hér ekki fyrr en árið 1969 en íslensk skip veiddu 34.600 tonn hér við land árið 1978.

Heimsmarkaðsverð á fiskimjöli er nú um 7,50 Bandaríkjadalir (465 krónur) fyrir prótíneininguna og heimsmarkaðsverð á lýsi er um 240 dalir fyrir tonnið (14.880 krónur). Í spærlingsmjöli eru að meðaltali 67,5 prótíneiningar og úr einu tonni af spærlingi upp úr sjó fást 200 kíló af mjöli.

Úr spærlingnum fæst hins vegar ekkert lýsi núna, þannig að útflutningsverðmæti á einu tonni upp úr sjó er nú rúmlega 6 þúsund krónur. Fyrir 35 þúsund tonn upp úr sjó fæst því rúmlega 200 milljóna króna útflutningsverðmæti. Jóhann Pétur Andersen sagðist hins vegar vonast til að fituinnihald spærlingsins yrði 4 til 6% í október og þá yrði hægt að vinna lýsi úr honum.

Korpúlfsstaðir verða listamiðstöð

BORGARYFIRVÖLD hafa ákveðið að Korpúlfsstaðir verði listamiðstöð og að uppbyggingin þar verði næsta stórverkefni borgarinnar á eftir Viðeyjarstofu og Borgarleikhúsinu. Kjarni listasafnsins, sem þar verður til húsa verður safn listaverka Errós, sem listamaðurinn hefur fært borginni að gjöf en listamiðstöðin á auk þess að hýsa aðra menningarstarfsemi, svo sem leiklist, höggmyndalist, ritlist og tónlist.



Korpúlfsstaðir - listamiðstöð Reykjavíkur.

Korpúlfsstaðir munu hafa komist í eigu Viðeyjarklausturs á 13. öld og í konungseign í siðaskiptunum. Á 19. öld átti Benedikt Sveinsson yfirdómari jörðina um skeið og eignaðist Einar Benediktsson skáld hana eftir hans dag. Thor Jensen keypti jörðina af Einari árið 1922 og var kaupverðið 20 þúsund krónur. Í greinargerð Ragnheiðar H. Þórarinsdóttur borgarminjavarðar um Korpúlfsstaði segir, að á árunum fyrir 1922 hafi jörðin verið talin meðaljörð. Eftir að Thor eignaðist jörðina hóf hann þegar jarðabætur og tveimur árum síðar ákvað hann að á Korpúlfsstöðum skyldi rísa stærsta bygging á Íslandi. Thor ákvað sjálfur að mestu gerð hússins og réði öllu fyrirkomulagi með aðstoð Sigurðar Guðmundssonar húsameistara. Korpúlfsstaðahúsið er reist á melhrygg og grunnflötur þess 30x80 m, kjallari, hæð og ris.

Húsasmíðin hófst í apríl árið 1925 og lauk á 6 árum en það var draumur Thors að Alþingishátíðarárið 1930 yrðu Korpúlfsstaðir reisulegasta býlið á Íslandi. Það ár gaf Búnaðarfélag Íslands út bækling um framkvæmdir sunnanlands og segir þar um Korpúlfsstaði að þar sé orðin mesta bújörð á Íslandi vegna hinna miklu umbóta sem þar hafi farið fram. Árið 1930 voru keypt öll áhöld í mjólkurstöðina á Korpúlfsstöðum samkvæmt ströngustu kröfum um hreinlæti og verkhagræðingu og hófst þá sala á mjólk til Reykjavíkur. Býlið stækkaði jafnt og þétt og voru rúmlega 300 mjólkurkýr í fjósi í árslok 1934. Auk mjólkurframleiðslunnar var einnig stunduð kartöflurækt og þar reyndi Lorentz Thors bústjóri, ásamt föður sínum ýmsar nýjungar í rekstri, sem vöktu mikla athygli á sínum tíma. Hámarki náði búreksturinn á Korpúlfsstöðum á árunum 1934 til 1935 og störfuðu 47 manns við búið sumarið 1935. Þáttaskil urðu í janúar það ár þegar „mjólkurlögin" gengu í gildi og Mjólkursamsalan var stofnuð. Þar með var bannað að selja mjólk beint til neytenda. Borgarminjavörður segir í greinargerð sinni, að þar með hafi fótunum verið kippt undan búrekstrinum, meðal annars vegna þess að það verð, sem fékkst fyrir mjólkina stóð ekki undir rekstrinum.

Reykjavíkurbær eignaðist Korpúlfsstaði árið 1942 og komst jörðin í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur ári síðar. Rak bærinn búsakp á jörðinni fram til ársins 1967 er borgarráð samþykkti að leigja jörðina ásamt útihúsum og íbúð til ársins 1970. Í janúar árið 1969 kom upp eldur á Korpúlfsstöðum og urðu miklar skemmdir á öllum þremur álmum hússins.

Árið 1970 voru gerðir matjurtagarðar í landi Korpúlfsstaða austan Korpu og á árinu 1975 fékk Golfklúbbur Reykjavíkur aðstöðu á Korpúlfsstaðatúnum. Húsin hafa verið nýtt sem geymslur fyrir borgarstofnanir en árið 1973 samþykkti borgarráð að gefa myndhöggvarafélaginu kost á að leigja til 20 ára hluta Korpúlfsstaða fyrir vinnustofur og íbúðir myndhöggvara fyrir eina krónu á ári.